

Stýrihópur Þjóðhátíðar gegn ofbeldi

Leiðarljós og stefnulýsing hópsins er eftirfarandi:

Að marka stefnu og koma með ábendingar um hvernig stuðla megi að fækkun ofbeldisbrota á Þjóðhátíð.

Aðaláherslur stýrihópsins verða að koma með tillögur að forvörnum, hvernig megi höfða til dómgreindar fólks, stuðla að vitundarvakningu gegn kynferðisofbeldi sem og öllu ofbeldi og hvetja þjóðhátíðargesti til að sýna árvekni.

Stýrihópurinn mun einnig, í samráði við þjóðhátíðarnefnd og Bleika fílinn skoða alla þá þætti sem mögulega geta stuðlað að auknu öryggi gesta og styðst þar við ráðleggingar fagaðila, reynslu áfallateymis og lögreglu af málum undanfarinna ára og þá staðbundnu reynslu sem er af hátíðarhaldi í Vestmannaeyjum.

